

Heimsins stærsta kennslustund 2022

Kennsluleiðbeiningar



Verkefnalýsing

Nemendur:

- Kynna sér heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun.
- Kynna sér sérstaklega heimsmarkmið nr. 4 og undirmarkmið þess nr. 4.7.
- Kynna sér greinar 12 og 13 í Barnasáttmála SP
- Vinna verkefnið Heimsins stærsta kennslustund 2022.
- Eru með kynningu fyrir bekkinn á niðurstöðum sínum.

Myndbönd:

Heimsmarkmið Sp um sjálfbæra þróun (íslenskt tal):

<https://www.youtube.com/watch?v=5ZdAYti8eLs>

Hvað er sjálfbær þróun? (íslenskt tal):

<https://www.youtube.com/watch?v=aD4EWBZQ7Ms&t=146s>

Hvernig þú getur lagt þitt af mörkum þegar kemur að heimsmarkmiðunum (íslenskt tal):

<https://vimeo.com/330481023>

Hvað getur þú gert til að vinna að heimsmarkmiðunum, þú ert bara krakki? (íslenskur texti):

https://www.youtube.com/watch?v=bjB_fhbtii8

Ákall til fræðslu (íslenskt tal):

<https://www.youtube.com/watch?v=8c9HLFhWW-o>

Risaeðlan Frankie er með skilaboð til heimsins (á íslensku og ensku):

<https://www.facebook.com/UNAIceland/videos/590764515594895>

<https://www.youtube.com/watch?v=L9eFABJqGTM>

Slóðir:

Heimsmarkmiðin og undirmerkið:

<https://www.un.is/heimsmarkmidin/>

Barnasáttmálinn:

<https://www.barnasattmali.is/>

12. grein Barnasáttmálans

Börn eiga rétt á því að tjá sig frjálsglega um öll málefni sem hafa áhrif á líf þeirra. Fullorðnir eiga að hlusta og taka mark á þeim.

13. grein Barnasáttmálans

Börn eiga rétt á því að deila skoðunum sínum, vitneskju og hvernig þeim líður með öðrum með því að tala, teikna eða tjá sig á annan hátt, svo lengi sem það hefur ekki skaðleg áhrif á annað fólk.

Heimsmarkmið 4.7

„Eigi síðar en árið 2030 verði tryggt að allir nemendur öðlist nauðsynlega þekkingu og færni til þess að ýta undir sjálfbæra þróun, meðal annars með menntun sem er ætlað að efla sjálfbæra þróun og sjálfbæran lífsstíl, með því að hlúa að friðsamlegri menningu, með mannréttindum, kynjajafnrétti, alheimsvitund, viðurkenndri menningarlegri fjölbreytni og framlagi menningar til sjálfbærrar þróunar.“

Kennsluleiðbeiningar:

Um verkefnið:

Verkefnið tengist öllum heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun, en þó sérstaklega heimsmarkmið 4 um Menntun fyrir alla og undirmarkmið þess nr. 4.7.

Aldurshópur:

Verkefnið er ætlað fyrir nemendur frá 8-15 ára.

Tímalengd:

Verkefnið er hugsað sem grunnur að fræðslu um heimsmarkmiðin, sérstaklega heimsmarkmið 4. Hægt er að vinna það í einni kennslustund eða fleiri. Í framhaldi er svo hægt að vinna meira með heimsmarkmiðin, vinna þemaverkefni og að samþætta það við aðrar námsgreinar, t.d. með því að ígrunda hvernig heimsmarkmiðin tengjast innbyrðis. Nemendur geta unnið veggspjöld, myndbönd, búið til spurningaleiki um heimsmarkmiðin (t.d. í kahoot), samið ljóð, dans og leikrit um heimsmarkmiðin og hvað annað sem þeim dettur í hug.

Helstu markmið námsefnisins er að nemendur:

- Læri um heimsmarkmið SP um sjálfbæra þróun.
- Læri um heimsmarkmið 4 – Menntun fyrir alla (sérstaklega 4.7)
- Læri um greinar 12 og 13 í Barnasáttmála SP.
- Finni að rödd þeirra og aðgerðir hafi áhrif.
- Efli félagsfærni og samkennd.
- Séu virkir, hlusti á aðra, ígrundi.
- Sýni sjálfstæði, gagnrýna hugsun og sköpun.

Tenging við grunnþætti í aðalnámskrá:

Læsi, sjálfbærni, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti, heilbrigði og velferð, sköpun.

Heimsmarkmið sem tengjast verkefninu:

Verkefnið tengist öllum heimsmarkmiðunum en þó sérstaklega markmiðum nr. 4, 16 og 17.

